

145. fundur skráningarráðs, 9. janúar 09:00-11:00 á Teams

Mætt voru: Sigríður Vilhjálmisdóttir, Sigurgeir Finnsson, Þorsteinn Doddi Jónsson

Einnig sátu fundinn Kristín Lilja Thorlacius Björnsdóttir gæðastjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Gegnis

Ritari: Sigurgeir Finnsson

1. Fundargerð síðasta fundar (yfirfarin og atriði rædd)

Fundargerð síðasta fundar lesin og yfirfarin.

Fundargerð samþykkt

2. Skráningarréttindi – erindisbréf

Erindisbréf á [síðu Skráningarráðs](#) er efnislega í lagi, en uppfæra þarf orðalag lítillega. Samþykkt um skráningarheimildir er hins vegar komin til ára sinna (frá 2004) og nauðsynlegt að uppfæra hana. Sigrún er búin að skrifa drög að nýrri samþykkt, sendir Skráningarráði til yfirlstrar og samþykktar. Lagt að til að fella niður samþykktirnar „Skyldur skrásetjara“ og „Reglur um afturköllun skráningarheimildar“ og sameina ef þurfa þykir texta þaðan í samþykkt um skráningarheimild. Áframhaldandi umræða á næsta fundi.

3. Erindi frá Hallfríði (varðandi óheppilega birtingu á 7xx sviðinu ...)

Það væri gott að skoða við tækifæri hvort þurfi að taka til í gömlum bókaferlum með 7XX sviðum sem vísa í fyrri og síðari titla (svið 780 (framhald af og 785 (framhald í): Þetta þótti mikilvægt áður fyrir svo lesendur gætu lesið bækur í rétttri röð. En nú er kominn betri leið með upptöku 800 sviðsins (höfundargreind ritröð) sem leysir þetta vandamál mun betur. Samþykkt að eyða þessu úr bókaferlum eftir að búið er að búa til 800 svið fyrir stærstu bókaflokkana. Kristín og Sigurgeir skoða málið.

4. Record Manager (staðan eftir fund í desember, sérfundur samt síðar?)

Ekki gefist mikill tími til að skoða þetta vegna jólafrís. Sigrún talar við Sveinbjörgu og fær á hreint hvenær OCLC þarf að fá svar í síðasta lagi varðandi áframhald. Tökum ákvörðun um sérfund þegar það liggur fyrir og gefist hefur betri tími til notkunar á RM.

5. Safnfærslur (listi frá Kristínu)

Kristín er búin að útbúa lista yfir safnfærslur sem þarf að laga (skjal á teams). U.þ.b. 70 færslur á mann til að laga – setja nafn safns í svið 245 og setja þar sem er núna í 245 í svið 246 – Kristín útbýr stuttar leiðbeiningar og sendir á Skráningarráð um hvað þarf að gera og skiptir færslum á milli fólks. Kristín og Sigrún senda upplýsingapóst á aðildarsöfn til að kynna breytingarnar.

6. Efnisorð – leiðbeiningar frá Kristínu sem við hin lesum yfir (taka stöðuna)

Sjá skjal á teams. Kristín búin að laga smávægilega frá síðasta fundi. *Þýðingar úr/á* - nú á eingöngu að nota þetta um *úr/á íslensku* – Kristín sendir erindi á Efnisorðaráð um hvort nota megi yfir annað efni en *íslenskar bókmenntir/á íslensku*. Þegar sú ákvörðun liggur er hægt að setja leiðbeiningarnar á Haskið.

Önnur mál

Nokkur mál frá Dodda

- a. Erindi frá Hallfríði um hljóðbækur sem innihalda athugasemdir í 500 sviðum þar sem fram kemur að efnið sé ætlað hæglæsum nemendum. Þegar hins vegar kom í ljós að þetta voru einungis 5 færslur, allar gerðar fyrir 1991 var ákveðið að eyða þessu út.
- b. Mál sem kom upp á fundi um Rafbókasafnið – upplýsingar frá Fibut (Félag Íslenskra Bókaútgefanda) um nýjar bækur úr Bókatiðindum sem keyrðar voru inn í 520 sviðið, keyrt inn af Dögg (Landskerfi) ekki verið gert nýlega. Vilji til að fá fleiri íslenskar bækur í Rafbókasafnið – en Fibut standa alltaf í vegi fyrir því, tala um að það sé svo mikil vinna/ómögulegt að koma lýsigögnum þar inn. Landsbókasafn gæti aðstoðað við það gegn því að fá að nota lýsigögnin í Ölmú (skemmri skráningar). Eitthvað sem ekki verður tekin um ákvörðun hér heldur á æðri stigum, Kristín ræðir þetta við Hallfríði.
- c. Varðandi ritraðir (t.d. teiknimyndasögur)– Hvað á að fara í 245 (deilisvið n og p) og hvað á að fara í 490 – oft óljóst hvað er titill heftis og/eða ritraðartitill. Doddi skrifar stutt erindi og sendir Skráningarráði og þetta verður sett á dagskrá síðar.

Eitt mál frá Sigu – varðandi birtingu bóka á leitir.is sem komið hafa út í mörgum útgáfum - ekki gafst tími til að ræða þetta, frestað fram í febrúar.

Sigrún minntist örstutt á möguleika gervigreindar við skráningu, ýmsir möguleikar í boði sem gætu nýst smærri söfnum.

Fundi slitið kl. 11:05